

1869.

24. ágúst.

Stjórnarráðið leyfir sèr því að gefa yður til vitundar, háæruverðugi herra, til þess að þèr birtið prestunum á Íslandi það, að það þykir best henta, að bænagjörð þessi fari fram um allt landið í guðþjónustugjörðinni hinn fyrsta sunnudag, sem verða má, og lætur stjórnarráðið það á sjálfsvaldi þeirra presta, sem þess óska, að hafa við þessa guðþjónustugjörð texta, er eigi við tilefnið, í stað textans, sem ákveðinn er fyrir þann sunnudag.

25. ágúst.

74. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um ráðstafanir til að afstýra hallæri í Suðurmúlasýslu.

Dómsmálastjórnin hefir skrifað sýslumanninum í Suðurmúlasýslu í dag á þessa leið:

„Í brèfi dagsettu 19. f. m. hafið þèr, herra sýslumaður, „skýrt frá, að sökum þess, að undanfarnir vetur hafi verið „svo harðir og sökum þess, að hafisinn hafi legið við landið „allt vorið og sumarið og flutt mönnum og skepnum sjúk- „dóma og drepð niður allan jarðargróða, þá sè ástandið „í Suðurmúlasýslu orðið svo aumt, að búast megi við hallæri „að vetri komandi, nema gjörðar verði sèrstaklegar ráð- „stafanir til að afstýra því. Í því skyni hafið þèr farið þess „á leit, að stjórnarráðið að einu leytinu sjái um, að nægar „kornbirgðir verði til á verzlunarstöðunum í sýslunni, að hinu „leytinu veiti yður heimild til að taka út hjá kaupmönn- „unum að vetri smátt og smátt allt að 400 tunnum af korn- „mat á kostnað stjórnarráðsins, til þess að útþýta þeim, sem „láni til sveitastjórnanna í þeim hreppum, þar sem neyðin „er mest.

„Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leið- „beiningar, að, með því að stjórnarráðið hefir fengið frá „nefnd þeirri, sem sett hefir verið hèr í borginni til að „afstýra hallæri í suðuramtinu og vesturamtinu, vitneskju um, „að tæð nefnd hafi sent 100 tonn af rúgi til hvers af þeim

1869.

25. ágúst.

„þremur verzlunarstöðuum, Seyðisfjarðar, Eskifjarðar og Berufjarðar til útbýtingar gefins meðal hinna bágstöddustu, og með því að stjórnarráðinu er kunnugt, að kaupmennirnir hér hafa sent kornmat til þessara verzlunarstaða, þá þykir ekki vera nægt tilefni til að gjöra neinar sérstaklegar ráðstafanir til að stemma stiga við hættu þeirri, er menn eru hræddir við; en reynist það, að hjálp sú, sem nefndin hefir látið í té, sé ónóg, þá verður stjórnarráðið að vísa yður á að hlutast um, að aukaútsvarið til fátækra í sveitunum verði fært upp, og, ef þörf gjörist, að snúa yður að amtmanninum yfir norður- og austuramtinu, sem skrifað hefir verið hëðan í dag um það efni, til þess að fá styrk úr jafnaðarsjóðnum til að bæta úr vandræðunum“.

Um leið og yður er tilkynnt þetta, herra amtmáður, yður til leiðbeiningar, eruð þér beðnir um að borga sýslumanninum í Suðurmúlasýslu fê það, er hann þarfnast í þessu efni, af upphæð þeirri, sem jafnaðarsjóður amtsins á í peningum, að svo miklu leyti sem hún brökkur til, og er yður þar á ofan veitt heimild til, ef þörf gjörist, að fá lán hjá kaupmönnum eður öðrum í þessu skyni á kostnað jafnaðarsjóðsins.

75. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ýmsar ráðstafanir til að bæta úr ástandinu á Vestmannaeyjum.

25. ágúst.

Með bréfi dagsettu 15. f. m. hafð þér, herra stiptamtmaður, sent hingað tvö bænarskjöl, þar sem sýslumaðurinn og fátækra stjórnin á Vestmannaeyjum sækja um, að sveitinni verði veittar 100 til 200 tonn af kornmat að gjöf. Þér hafð skýrt frá, að yður virðist nauðsyn til bera, að sveitarfélagi þessu verði veittur sérstaklegur styrkur til þess að afstýra hættu fyrir hallæri að vetri komanda, og að, eptir skýrslum þeim, sem fyrir hendi eru, megi álíta nægilegt, ef að veittir yrði 700 rd. í þessu skyni. Útaf því, að ekki er goldin nein tíund til fátækra af jardagózinu á Vestmannaeyjum, af því að það er eign ríkis-